

## Ný lög um almannavarnir, útlendinga og meðferð sakamála

Alþingi samþykkti sem lög á síðasta degi þingsins í vor þrjú frumvörp Björns Bjarnasonar dóms- og kirkjumálaráðherra: frumvarp til laga um almannavarnir, frumvarp um meðferð sakamála og frumvarp um breytingar á lögum um útlendinga. Áður höfðu orðið að lögum á þinginu í vetur frumvörp ráðherra um samræmda neyðarsvörun, meðferð einkamála (fullgilding þriggja alþjóðasamninga), breyting á Norðurlandasamningi um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, breyting á lögum um ættleiðingar (varðandi gildistíma forsamþykkis), auk frumvarpa um breytingu á lögum um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna og Sambands íslenskra berkla sjúklinga.



### Almannavarnir

Björn Bjarnason dóms- og kirkjumálaráðherra sagði í ræðu sinni við framlagningu almannavarnafrumvarpsins að lög um almannavarnir væru í eðli sínu rammalöggjöf sem ætlað væri að tryggja virkar forvarnir gegn vá og rétt viðbrögð allra aðila á hættustundu. „Frumvarpið skapar skýran ramma og afmarkar skyldur og ábyrgð. Viðbrögð við einstökum atvikum munu ráðast af áætlunum sem um þau verða gerðar.“ Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefur unnið að endurskoðun laganna frá 8. mars 2005 þegar efnt var til fjölmenns málþings með fulltrúum opinberra stofnana og annarra viðbragðsaðila um viðhorf til leitar, björgunar og almannavarna.

Samkvæmt hinum nýju lögum verður m.a. sett á fót almannavarna- og öryggismálaráð undir formennsku forsætisráðherra sem hefur það hlutverk að marka stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum. Umsýsla ráðsins og undirbúningur funda þess verður í höndum dómsmálaráðherra.

Ríkislögreglustjóra er falið það hlutverk að hafa eftirlit með almannavörnum á landinu öllu og umsjón með því að ráðstafanir séu gerðar í samræmi við stefnu stjórnvalda í almannavarna- og öryggismálum. Þá skulu ríki og sveitarfélög gera viðbragðsáætlanir í samræmi við hættumat hvert

á sínu sviði og í sínu umdæmi. Við embætti ríkislögreglustjóra starfar samhæfingar- og stjórnstöð undir sérstakri stjórn. Í stöðinni fer fram samhæfing og yfirstjórn almannavarnaaðgerða með hliðsjón af almannavarnastigi og viðeigandi viðbragðsáætlun. Auk þess er ríkislögreglustjóra heimilt að stofna tímabundið þjónustumiðstöð vegna tiltekinnar hættu eða hættuástands. Þetta var einmitt gert í fyrsta sinn í kjölfar jarðskjálftanna á Suðurlandi 29. maí sl.

### Útlendingar

Með þeim breytingum á lögum um útlendinga sem nú voru samþykktar eru ákvæði laganna er varða dvalarleyfi samræmd þeim breytingum sem á sama tíma voru gerðar á ákvæðum laga um atvinnuréttindi útlendinga og varða flokka atvinnuleyfa. Flokkum dvalarleyfa er fjölgað og nánari grein gerð fyrir skilyrðum einstakra dvalarleyfisflokka og réttindum þeim tengdum. Jafnframt er í lögum að finna reglur um afgreiðslu dvalarleyfa, þ. á m. forgangs- og hraðafgreiðslu. Þá er gerð grein fyrir þeim skilyrðum sem uppfylla þarf til að útlendingur fái vegabréfsáritun til Íslands en slík skilyrði hafa hingað til verið í reglugerð.

Réttarstaða erlendra ungmenna sem koma hingað til lands á grundvelli fjölskyldusameiningar fyrir 18 ára aldur er bætt þannig að heimilt er að endurnýja dvalarleyfi þeirra á sama grundvelli við það

aldursmark og þeim heimilað að sýna fram á framfærslu með aðstoð foreldris í stað sjálfstæðrar framfærslu.

Skilyrðum fyrir búsetuleyfi er breytt þannig að útlendingur sem óskar eftir slíku leyfi skal hafa dvalið samfellt hér á landi í að minnsta kosti fjögur ár á grundvelli dvalarleyfis sem getur verið grundvöllur búsetuleyfis auk þess sem útlendingur má ekki eiga ólokið máli í refsivörsluferfinu þar sem hann er grunaður eða sakaður um refsiverða háttsemi. Einnig er sett í lög heimild til að veita barni sem fæðist hér á landi búsetuleyfi hafi forsjárforeldri slíkt leyfi.

Ákvæðum laganna er varða dvöl útlendinga frá EES-svæðinu er breytt til samræmis við ákvæði Evróputilskipunar um frjálsa för á EES-svæðinu. Lög in öðlast gildi þann 1. ágúst 2008.

### Meðferð sakamála

Lög in meðferð sakamála eru afrakstur margra ára vinnu réttarfarsnefndar við endurskoðun gildandi laga um meðferð opinberra mála. Frumvarpið var kynnt ítarlega áður en það var lagt fram á Alþingi og óskað ábendinga og umsagna.

Ein helsta breytingin er þrískipting ákærvaldsins. Til verður nýtt embætti héraðssaksóknara og ákærvaldinu verður framvegis skipt í þrjú stjórn-sýslustigi í stað tveggja. Embætti héraðssaksóknara skal taka ákvörðun um saksókn á fyrsta stjórn-sýslustigi í nánast öllum meiri háttar sakamálum, svo sem í manndrápsmálum, kynferðisbrotamálum, málum vegna brota sem hafa í för með sér almannahættu, svo sem brennu, málum vegna brota gegn stjórnkipan ríkisins og æðstu valdhöfum þess, stórfelldum líkamsárásarmálum og fleira. Héraðssaksóknara til aðstoðar eru varahéraðssaksóknari og saksóknarar en ráðherra ákveður fjölda þeirra í samráði við ríkissaksóknara. Við embættið skal vera sérstök deild skatta- og efnahagsbrota.

Hlutverk ríkissaksóknara sem æðsta handhafa ákærvaldsins verður að setja almennar reglur og hafa eftirlit með öðrum ákærendum, auk þess sem gert er ráð fyrir að hann taki ákvarðanir um áfrýjun héraðsdóma í sakamálum. Þá munu lögreglustjórar í ríkari mæli en nú geta lokið máli með sekt – án ákæru.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hyggst kynna nýju lög in meðferð sakamála ítarlega áður en þau taka gildi 1. janúar 2009.

